

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 11. september 2014.

Fulltrúi Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum var: Anna Lilja. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum var Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Launasetning forstöðuproskaþjálfra á Fljótsdalshéraði framhald frá síðasta fundi:

Laun forstöðuproskaþjálfra á Fljótsdalshéraði hafa ekki verið ákvörðuð í samræmi við ákvæði 1.5.3 í kjarasamningi. Ein ástæða þess var meðal annars misskilningur um að forstöðuproskaþjálfri hefði tekið yfirvinnu vegna tilfallandi álags utan skipulags vinnutíma út í frí.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði greinar 1.5.3 í kjarasamningi aðila er skylt að ákvarða forstöðumönnum stofnanna sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi þeirra. Ekki er ágreiningur í máli þessu um að ákvæðið eigi við um hlutaðeigandi forstöðumann, einungis um upphafstíma greiðslna. Ákvæðið tók gildi 1. maí 2011 og ber því að greiða þóknun frá þeim tíma eða frá þeim tíma sem forstöðumaður hóf störf hafi upphaf starfs verið síðar. Um gildistíma ákvæðisins var m.a. bókað í fundargerði samstarfsnefndar frá 6. desember 2012.

Þeim tilmælum er beint til Fljótsdalshéraðs að kanna hvort ákvæði 1.5.3 í kjarasamningi hafi verið uppfyllt gagnvart öllum forstöðumönnum í sveitarfélaginu sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga og leiðrétta mánaðarlaun frá 1. maí 2011 hafi svo ekki verið.

2. Launaröðun þroskaþjálfra á hæfingarstöð hjá Hafnafjarðarkaupstað, framhald frá síðasta fundi:

Þí telur að launaraða hafi átt þroskaþjálfum á hæfingarstöðinni sem þroskaþjálfum 2 en ekki þroskaþjálfum 1 eins og gert var, enda hafi störf þeirra fallið að starfaskilgreiningum þroskaþjálfra 2.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að umrædd störf hafi fallið að starfaskilgreiningu þroskaþjálfra 2 og launaröðun átt að vera í samræmi við það frá upphafi ráðningar.

3. Launaröðun ráðgjafaproskajálfa í Hafnafjarðarkaupstað framhald frá síðasta fundi:

Ráðgjafaproskajálfi í Hafnafjarðarkaupstað telur starfaskilgreiningu umsjónarproskajálfa 1 eiga við um störf sín.

Niðurstaða:

SNS hefur kynnt Hafnafjarðarkaupstað erindið og er það í skoðun þar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Launaröðun ráðgjafaproskajálfa í Mosfellsbæ framhald frá síðasta fundi:

Ráðgjafaproskajálfi í Mosfellsbæ telur starfaskilgreiningu umsjónarproskajálfa 1 eiga við um störf sín.

Niðurstaða:

SNS hefur kynnt Mosfellsbæ erindið og er það í skoðun þar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Launaröðun forstöðuproskajálfa sbr. 2 liður í fundargerð 43. fundar frá 30. mars s.l.:

Erindi ítrekað.

Fleira ekki gert